



Stórstúka

hinnar óháðu Oddfellowreglu á Íslandi

I.O.O.F.

Grand Lodge of Iceland I.O.O.F.

Reykjavík, 2. október 2025

2510001

1.3.1

Áætlun um viðbrögð við einelti, kynbundnu ofbeldi og/eða kynferðislegri áreitni.

Félagar í Oddfellowreglunni skulu ávallt sýna hver öðrum og starfsmönnum sínum kurteisi og virðingu í samskiptum sbr. einkunnarorð Reglunnar. Sama krafa er gerð til starfsmanna sem með einum eða öðrum hætti starfa fyrir Oddfellowregluna.

Einelti, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni eða ofbeldi (EKKO) verður undir engum kringumstæðum liðin og eru allar ábendingar um slíkt teknar alvarlega.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er m.a. skilgreint í 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

“Einelti er siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.”

Félagar í Oddfellowreglunni bera sameiginlega ábyrgð á því að stuðla að öruggu umhverfi í samskiptum sín á milli og í umhverfi Reglunnar. Í félagasamtökum og á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunaárekstrar sem valdið geta óþægindum. Ef félagi hefur orðið fyrir, orðið vitni að eða hefur rökstuddan grun um tilvik tengt EKKO skal hann leita til næsta yfirmanns, sem getur verið yfirmaður regludeildar, stórfulltrúar eða formaður hússtjórnar. Leitast skal við að leysa slík mál án tafar og skal þolanda sýndur fullur trúnaður. Séu þeir aðilar máls skal leita til stjórnar Stórstúkunnar.

Oddfellowreglan mun grípa til aðgerða gagnvart félögum/starfsmönnum sem sýna af sér óviðeigandi hegðun með áminningu eða brottvikningu. Alvarleg atvik verða kærð til lögreglu að höfðu samráði við þolanda.

Tekið verður á fólkskum ásökunum af sömu festu



Stórstúka

hinnar óháðu Oddfellowreglu á Íslandi
I.O.O.F.

Grand Lodge of Iceland I.O.O.F.

VIÐBRÖGÐ

Félagi/starfsmaður sem verður fyrir, verður vitni að eða hefur rökstuddan grun um einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi skal snúa sér hið fyrsta til yfirmanns regludeildar, stórfulltrúa eða annarra stjórnenda.

Þegar þeir fá vitneskju um málið bregðast þeir við samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun:

Yfirmaður regludeildar kallar stórfulltrúa og varastórfulltrúa strax á sinn fund. Ef um starfsmenn regluheimila er að ræða, er rætt við formenn og varaformenn hússtjórna. Þeir meta þörf þolanda fyrir bráðan stuðning og veita hann. Lögð er áhersla á að leysa málið hið fyrsta og koma í veg fyrir frekara einelti/áreitni/ofbeldi.

Hvert mál er einstakt og í samráði við þolandann er ákveðið hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

ÓFORMLEG MÁLSMEÐFERÐ

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir eru ekki upplýstir um málið.

FORMLEG MÁLSMEÐFERÐ

Málinu er vísað til stjórnar Stórstúkunnar sem ákveður framhaldið eftir atvikum og í samráði við þolanda:

- Gerð verði hlutlaus athugun á málsatvikum af utanaðkomandi óháðum sérfræðingi. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, SMS-skilaboð eða annað. Unnið er að lausn eftir leiðbeiningum frá þeim sérfræðingi sem fenginn er til að gera athugun á málsakvikum. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun. Alvarlegum málum er vísað til lögreglu að höfðu samráði við þolanda.
- Málinu er vísað til Úrskurðarnefndar Oddfellowreglunnar sem fjallar um málið í samræmi við 7. kafla í grundvallarlögum Stórstúkunnar.

Láti gerandi ekki af hegðun sinni og viðheldur óviðeigandi framkomu leiðir það til brottvikningar úr Oddfellowreglunni og öllum störfum á hennar vegum.



Stórstúka

hinnar óháðu Oddfellowreglu á Íslandi
I.O.O.F.

Grand Lodge of Iceland I.O.O.F.

Bróður- og systurlegast
í v. k. og s.

Steindór Gunnlaugsson
Stórsír

Petrína Helga Ottesen
stórritari

Halldór Þ. Haraldsson
stórritari